

Árbók

Árgangur 2014

2019-2020



Ágúst 2019

Flutningur barna frá Lindum yfir á Hamra gekk mjög vel og komu allir ferskir úr sumarfríi. Þessar fyrstu vikur vorum við að máta okkur saman og kynnst hvort öðru. Við vorum dugleg að fara í vettvangsferðir leika bæði inni og úti í góða veðrinu

Akrasel varð 11 ára þann 8. ágúst. Þá gerðum við okkur glaðan dag, skreyttum allan garðinn og grilluðum pylsur.



Ágúst 2019

Við notuðum hvert tækifæri til útiveru og fórum mikið í vettvangsferðir í skógræktina. Við borðuðum þar í hádeginu og voru krakkar oft mjög þreytt á heimleiðinni eins og sést vel á mynd hér fyrir neðan þar sem þau hvíldu sig aðeins á gangstéttinni.

Hjóladagur var haldinn, börnin komu með sín hjól og hjálma. Greinilegt var að þau voru búin að vera dugleg að æfa sig í sumar og voru alsæl á flottum fákum.



Ágúst 2019

Börnunum á Hömrum var skipt í þrjá ævintýrahópa. Þau völdu í sameiningu nafn á sinn hóp og urðu nöfnin Lubbahópur, Sniglahópur og Fossahópur fyrir valinu. Börnin völdu sér tré í skógræktinni sem þau ætla að fylgjast með vaxa og dafna. Fyrir valinu varð fallegur Víðir sem þeim finnst gaman að klifra í.



September 2019

Við fórum í skólastjóraheimsóknir í september, við heimsóttum fyrst Arnbjörgu skólastjóra í Brekkubæjarskóla og síðan Sigurð Arnar skólastjóra Grundaskóla. Allir voru mjög glaðir með þessa heimsóknir. Íþróttatímarnir í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum hófust í september og fór hver hópur í íþróttatíma á þriggja vikna fresti, það gekk mjög vel og voru allir duglegir að fara eftir fyrimælum.



September 2019

Kartöflur og gulrætur sem settar voru niður í vor, voru teknar upp úr kössunum okkar, það var mjög spennandi og skemmtilegt verkefni. Í ævintýraferðunum voru líka týnd laufblöð og þau voru síðan þurrkuð og pressuð í leikskólanum. Mikið var um náttúruskoðanir og rannsóknir. Risastórir sveppir voru mjög skemmtilegir, brekkubobbarnir voru vinsælir og voru þeir meðal annars látnir keppa í „kapphlaupi.“ Geitungabú vakti líka athygli og gaman að fylgjast með þeim fara inn og út úr búinu.



September 2019

Við vorum dugleg að nýta okkur góða veðrið og fórum í margar ævintýraferðir í skógræktina, borðuðum hádegismat þar og nutum lífsins við leik og rannsóknir á dýralífi, náttúru og umhverfi. Við vorum líka dugleg að kenna Lubba hljóð stafanna og tókum hann með okkur í ævintýraferðirnar. Einstaklega gaman að poppa og kenna Lubba P hljóðið.



Október 2019

Fórum í haustskóla í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla. Gekk mjög vel, allir spenntir og tilbúnir í að fara í skólann. Við byrjuðum í samstarfi við tónlistaskólann og fórum á leikritið Ómar orðabelg í Tónbergi.

Þá var borðstofan okkar tekin í notkun. Gljúfri var breytt í veitingastað í hádeginu og börnin á Hömrum koma sem gestir í hádeginu og starfsfólkið þjónar þeim með því að sjá til að það sé vatn í könnum og hreint sé í kringum þau. Börnin ná sér sjálf í mat af hlaðborði og æfa sig þar af leiðandi að skammta sér mátulega á diskinn. Þau geta setið hvar sem er og með hverjum sem þau vilja. Markmið borðstofunnar var að skapa huggulega stemningu, hafa dúka og blóm á borðum og að matartíminn væri notaleg stund vina og að þau læri góða borðsiði, virðingu og verði sjálfstæð í matartímanum.



Október 2019

27. október var alþjóðlegi bangsadagurinn. Bangsadagurinn er haldinn ár hvert á fæðingardegi Theodore "Teddy" Roosevelt, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Við höldum upp á daginn með því að mæta í náttfötum með bangsana okkar í leikskólann. Við fengum líka afhent til afnota lítið gróðurhús í skógræktinni og það er hugsað m.a. til að eiga þar skjól í matartímum, það var mikill munur fyrir ævintýraferðirnar. Á bangsadaginn fengu bangsarnir að fara með okkur í ævintýraferð. Vökudagsverkefni voru undirbúin og fóru börnin í vettvangsferð niður að Breið og skoðuðu vitana. Síðar teiknuðu þau og máluðu myndir af vitanum. Myndirnar voru svo settar upp í lok október í vitanum ásamt vitamyndum frá öllum leikskólunum á Akranesi. Í lok október var árleg Hrekkjavökugleði í leikskólanum þar sem allir komu í búningum og vorum við búin að skreyta leikskólann af allskonar furðuverum.



Nóvember 2019

Þann 16.nóvember sem er afmælisdagur Moisé og dagur íslenskrar tungu, vorum við með sýningu inn í sal fyrir foreldra. Síðan seldu börnin foreldrum sínum vegghengi sem þau höfðu málað og teiknað á og rann allur ágóði til Moisé. Einnig buðu börnin foreldrum sínum upp á piparkökur og kaffi.

Við vorum áfram dugleg að fara í ævintýraferðir og fléttuðum starfið okkar þar inn. Þar á meðal stærðfræði, lubba og fleira.



Nóvember 2019

Daglegt líf í nóvember leið með leik, hópastarfi og útiveru, ævintýraferðum og gleði. Við vorum dugleg að molta, endurvinna og leika okkur.



Desember 2019

Börnin sköpuðu jólagjafir fyrir foreldra sína út frá sínum eigin hugmyndum. Það vantaði ekki uppá metnaðinn hjá þeim, voru bæði frjó og lausnamiðuð. Við skiptum salnum í tvennt og gerðum jólaverkstæði öðrum megin. Markmið okkar var að þau upplifðu notalega aðventu, ættu góða, rólega og skemmtilega stund þar sem hugmyndaauði þeirra fengi notið sín. Þetta var að sjálfsögðu heilmikið ferli og gaman að sjá afraksturinn svo ekki sé minnst á stoltið sem skein svo bersýnilega frá börnunum.



Desember 2019

Jólagjafir til foreldra jólin 2019

Klettur

Alexandra Mjöll:

Perlaði jólasokk í ramma fyrir mömmu og pabba.

Bjarki Þór:

Bjó til vatnsbrúsa fyrir mömmu og amerískan fótbolta fyrir pabba.

Dagur Kári:

Bjó til hálsmen og armband fyrir mömmu og róbota fyrir pabba.

Emma:

Bjó til dúkku fyrir mömmu og bíl fyrir pabba.

Heiðmar:

Bjó til kjól fyrir mömmu og verkfærabelti fyrir pabba.

Ingi Valur:

Bjó til úkulele fyrir mömmu og bassa fyrir pabba.

Ingibjörg Rósa:

Bjó til lampa fyrir mömmu og bíl fyrir pabba.

Ingólfur Thor:

Teiknaði prinsessu fyrir mömmu og bjó til sverð fyrir pabba.

Ísabella:

Bjó til jólatré fyrir mömmu og pabba.

Jóhann Þór:

Perlaði jólatré fyrir mömmu og hest fyrir pabba.

Kolbeinn Orri:

Bjó til vasa fyrir mömmu og gítar fyrir pabba.

Saga Mjöll:

Bjó til Önnu fyrir mömmu og Ólaf fyrir pabba.

Sigmar Orri:

Bjó til kertastjaka fyrir mömmu og pabba.

Una Guðrún:

Málaði mynd af Elsu fyrir mömmu og mynd af Kristjáni fyrir pabba.

Desember 2019

Jólagjafir til foreldra jólin 2019

Berg

Amelía Rós:

Málaði prinsessumynd fyrir mömmu og perlaði hjarta í ramma fyrir pabba.

Aría Rós:

Teiknaði mynd af einhyrning fyrir mömmu og teiknaði mynd af Hvolpasveitarturninum handa pabba.

Baltasar Mar:

Bjó til sófa fyrir mömmu og teiknaði Manchester fótboldamynd fyrir pabba.

Gunnar Logi:

Bjó til hálsmen fyrir mömmu og jólatré fyrir pabba.

Hanna Sólrún:

Bjó til sandala fyrir mömmu og hamar, nagla og skrúfu fyrir pabba.

Hekla Karen:

Bjó til sófa og sófaborð fyrir mömmu og pabba.

Hlífur Bragi:

Bjó til blómavasa fyrir mömmu og perlaði sætabrauðsdreng fyrir pabba.

Leó Þór:

Bjó til veski fyrir mömmu og perlaði vélmenni fyrir pabba.

Ólafía:

Bjó til veski fyrir mömmu og teiknaði mynd af Hvolpasveitarturninum fyrir pabba.

Sölvi Freyr:

Bjó til hníf fyrir mömmu og hamar fyrir pabba.

Valur Heiðar:

Bjó til hárblásara fyrir mömmu og hamar fyrir pabba.

Viktor Andri:

Málaði mynd af mömmu og pabba fyrir þau.

Desember 2019

Jólagjafir til foreldra jólin 2019

Gljúfur

Arnór Darri:

Bjó til hringa fyrir mömmu og pabba.

Aron Emil:

Málaði mynd af mömmu og pabba með kerti fyrir þau.

Árni Björn:

Bjó til jólas kraut og jólastjörnu fyrir mömmu og pabba.

Bjarki:

Bjó til lest fyrir pabba og hjartahálsmen fyrir mömmu.

Björn Elí:

Bjó til hatta fyrir mömmu og pabba.

Erin: Málaði jólamynd fyrir mömmu og blómapott fyrir pabba.

Freyja Þöll:

Perlaði Garðabréðu í ramma fyrir mömmu og teiknaði jólamynd af pabba fyrir pabba.

Hanif:

Bjó til jólatré fyrir mömmu og snjókarl fyrir pabba.

Jón Örn:

Perlaði ramma og teiknaði mynd af sér fyrir mömmu og pabba.

Kristrún Sara:

Bjó til blómavasa fyrir mömmu og perlaði jólskraut fyrir pabba.

Lovísa Hrund:

Bjó til jólasokk fyrir pabba og kjól fyrir mömmu.

Orrí Freyr:

Bjó til jólakjól fyrir mömmu og málningabakka og pensil fyrir pabba.

Rúna Björk:

Bjó til hálsmen fyrir mömmu og teiknaði mynd fyrir pabba.

Úlfar Ingvi:

Bjó til kertastjaka fyrir mömmu og pabba.

Védís Vala:

Perlaði jólastjörnu í ramma fyrir mömmu og hjarta fyrir pabba.

Viktor Óttar:

Bjó til jólasvein fyrir mömmu og pabba.

Desember 2019

Þrátt fyrir annríki í desember þá var líka rólegheitar stemning á deildum. Við fengum afhentan grænfánan á ný í fimmta skiptið og erum ótrúlega ánægð með það. Sama dag var rauður dagur og jólaskemmtun með Þorra og Þuru sem sáu um að skemmta sér og okkur. Við fengum svo góðan jólamat í hádeginu. Síðar í desember fengum við leiksýningu með Bernd Ogrodnik um Pönnukökuna hennar Grýlu, sem börn og starfsfólk höfðu mjög gaman af.



Janúar 2020

Janúar einkenndist af miklum lægðagangi og óveðrum sem settu óneitanlega mark sitt á starfið og veðrið hamlaði því oft að hægt væri að fara í ævintýraferðir. Í janúar vorum við líka með vasaljósadag sem var mjög skemmtilegt og ævintýrlegt.

Við höldum upp á bóndadaginn þar sem pabbar, bræður, afar og frændur komu í heimsókn og fengu brauð og kaffi í morgunmat. Sumir gerðust nokkuð djarfir og smökkuðu hákarl. Flestir ef ekki allir voru til í að smakka harðfiskinn sem við fengum eftir hádegi. Börnin voru búin að útbúa sýningu um endurnýtingu og endurvinnslu. Meðal annars var búinn til rusladreki sem borðaði rusl og stækkaði. Fengum líka kistil frá þjóðminjasafninu og skoðuðum muni frá gamla tímanum.

Stelpurnar gáfu drengjunum kertastjaka í bóndadagsgjöf sem þær gerðu sjálfar.



Janúar 2020

Þrátt fyri mikinn lægðagang og marglitar veðurviðvaranir fórum við út í flest öllum veðrum. Við gerðum snjókarla, snjóvirki og vatnslituðum snjóinn. Dag einn fannst dáinn fugl í útiveru og var þá dregin fram fuglabókin til að finna út hvernig fugl þetta var. Börnin fundu út að þetta var snjótittlingur og vildu að hann yrði jarðaður með viðhöfn í skógræktinni. Að sjálfsögðu var orðið við því og börnin sungu „Frost er úti fuglinn minn“ honum til heiðurs.



Snjótittlingurinn jarðaður

Febrúar 2020

Á degi leikskólans þann 6. febrúar var Kata með brúðuleikhús inn í sal fyrir öll börnin og vakti það mikla lukku barnanna. Við höldum upp á konudaginn. Börnin gerðu boðskort úr endurunnum pappír og buðu mömmum, ömmum systur og frænkum í morgunverð. Að því tilefni voru börnin búin að undirbúa sýningu um vatnið í allri sinnu fjöldreyttu mynd. Strákarnir gáfu stelpunum hálsmen í konudagsgjöf sem þeir gerðu sjálfir.



Febrúar 2020

Bolludagurinn, sprengidagurinn og öskudagurinn. Á öskudaginn mættu allir í búningum og var „kötturinn“ sleginn úr tunnunni. Inní tunnunni voru rúsínupakkar sem börnin voru hæst ánægð með. Allskonar fígúrur sprönguðu um gangana og það ríkti glaumur og gleði í öllum leikskólanum.



Mars 2020

Dansmánuðurinn mikli.

Mikið dansað á öllum deildum, bæði frumsamið og það sem börnin lærðu í dansi og fimleikum. Um miðjan mars var svo sett á samkomubann vegna kórónuveiru sem gekk um heiminn.

Samkomubannið var í gildi til 4 maí og þangað til fékk aðeins helmingur barnanna að mæta í einu í leikskólann. Rétt áður en samkomubannið var sett á fóru börnin í söngstund í

Brekkubæjarskóla með elstu börnum leikskólanna og yngstu börnum grunnskólanna. Við vorum með jóga vikuna þar sem lögð var meiri áhersla á jóga en vanalega. Við notuðum sjálfsagt tækifærið að fara í útjóga með börnunum í skógræktinni.



Mars 2020

Við vorum líka svo lánsöm að fá til okkar sjómenn sem báru inní sal margar tegundir af fiskum og kröbbum sem við fengum að skoða og sumir vildu fá að klappa þeim aðeins ☺.



Apríl 2020

Krakkarnir sátu ekki auðum höndum þrátt fyrir samkomubannið og voru þau dugleg að föndra alskonar unga, kanínur og annað skemmtilegt fyrir páskana sem komu þrátt fyri samkomubannið. Það var ýmislegt brallað bæði úti og inni og með þessi frábæru börn vorum við ekki í vandræðum með það.

Börnin prófuðu að gróðursetja plómusteina og fræ til að sjá hvort eitthvað kæmi upp en ekkert kom ☺ En börnin gerðu svo aðra tilraun síðar sem gekk mun betur.



Apríl 2020

Vorið var í lofti í lok apríl og þá var ekki eftir neinu að bíða en að skella sér í vorverkin í garðinum. Samhliða þeim sóttu krakkarnir sundnámskeið sem þau stóðu sig öll mjög vel. Margir stórir og litlir sigrar 😊



Í næstu viku er ég að fara í sund í Jafarsbökkum
Það er gaman í sundi
Við göngum frá Akraseli upp í Jafarsbakka
Ég er dugleg/ur að ganga upp sundlaug



Við ætlum að æfa okkur að fara í búningsklefana í sundlauginni
Ég er dugleg/ur að klæða mig sjálf/ur



Hlín ætlar að kenna okkur að synda og fara sundsiki
Það er gaman í sundi ☺
ÉG ER ☺ SNILLINGUR ☺



Maí 2020

Um miðjan maí fórum við á afhendingu bláfána við Langasand. Þar fylgdumst við með því þegar fáninn var dreginn að húni.

Við settum niður kartöflur og grænmeti sem búið var að forrækta inni á deild. Farið var í skólaheimsóknir í bæði Grundaskóla og Brekkubæjarskóla



Maí 2018




Maí 2020

Farið var í margar skemmtilegar vettvangsferðir þennan mánuðinn. Lömbin voru skoðuð. Farið var á Langasand með málmeitartæki. Torgið skoðað og sullað í gosbrunnunum og margt annað skemmtilegt var gert. Fengum líka kór Grundaskóla í heimsókn og sungu þau fyrir okkur í garðinum



Júní 2020

Þann 4. júní var haldið af stað með rútu frá Akraseli í langþráða útskriftarferð að Kalastaðakoti í Hvalfjarðarsveit. Ferðin var mikið ævintýri og var ýmislegt brallað. Farið var í fjöruferð, ratleik sem var fjársjóðsleit, á hestbak og í heitan pott. Anney eldaði úrvalsgóðan mat fyrir okkur, hakk og spaghetti í hádeginu og grillaðar pylsur um miðjan daginn. Að auki var hún með bollakökur og kanelgott fyrir alla. Margar hetjur litu dagsins ljós þennan dag og stórir sigrar voru unnir. Sáttir krakkar sem fengu höfðinglegar móttökur foreldra við Akrasel í lok dags.







Júní 2020

Júní einkenndist af mörgum og skemmtilegum vettvangsferðum. Farið var vítt og breytt um bæinn og margir skemmtilegir staðir skoðaðir.



Júní 2020

Hér eru allir gulir og glaðir. Fórum og tókum á móti skríðgöngunni á Norðurálsmótinu og áttum svo frábæran og sólríkan dag í garðinum.



Júní 2020

Svona var stemningin í júní



Gljúfur 2019-2020



Arnór Darri



Aron Emil



Árni Björn



Bjarki



Björn Elí



Björn Leó



Elín Sigríður



Embla Karen



Erin



Erna Dögg



Freyja Þöll



Hanif



Hrafninn



Hreinn Snæland



Jóhannes



Jón Örn



Kristín María



Krístún Sara



Lovísa Hrunn



Orri Freyr



Rúna Björk




Úlfar Ingvi



Védís Vala



Víktor Óttar



Maron

Berg 2019-2020



Amelía Rós



Anaya Elísabet



Aría Rós



Baltasar Mar



Emilía Ella



Erik Fannar



Eysteinn Uni



Grétar Kaprasíus



Guðmundur
Hrafn



Gunnar Logi



Hanna Sólrún



Hekla Karen



Helga Dís



Hlífar Bragi



Leó Þór



Móeiður Helga



Ólafía



Óliver Máni



Sölvi Freyr



Una



Valur Heiðar



Viktor Andri



Viktoría

Klettur 2019-2020



Alexandra Mjöll



Aníta Fönn



Ása Katrín



Bjarki Þór



Dagur Kári



Davíð Hrafn



Elmar Máni



Emma



Fannar Darri



Freyja Lilja



Hanna Kristín



Heiðmar



Ingi Valur



Ingibjörg Rósa



Ingólfur Thor




Ísabella



Ísabella Líf



Ívar Karel



Jóhann Þór



Kolbeinn Orri



Maron Már



Saga Mjöll



Sigmar Orri



Una Guðrún



Úlfar Júlíus



Alexandria



Rós



Mjöll



Magga



Begga



Kim Klara



Hanna



Vallý



Hlín



Gerður



Agnes



Heiða



Heiðrún



Erla



Peta



Karen Lind



Kata



Stefanía



Tómas



Bjarki



Dís



Haddi



Rakel



Katla



Fylkir



Þórunn

Við á Gljúfri, Bergi og Kletti þökkum fyrir frábæran vetur. Eins og sést, hefur veturinn verið skemmtilegur og fullur að fjölbreyttum verkefnum. Við höfum mikið brallað og skemmt okkur saman. Við erum ofsalega stolt af nemendum okkar, sem hafa sigrað margar áskoranir, krefjandi verkefni og aðstæður. Eigið yndislegt sumarfrí.

Starfsfólk Hamra